

LJÓSIÐ

Ársskýrsla 2025



BRYNJÓLFUR EYJÓLFSSON

FORMAÐUR STJÓRNAR LJÓSSINS

Kæru vinir og velunnarar,

Árið 2021 mótaði Ljosið sér skýra stefnu þar sem sjö lykilverkefni voru skilgreind sem undirstaða áframhaldandi uppbyggingar og árangurs í starfseminni.



„Markverður árangur hefur náðst í lykilverkefnunum sjö”

Nú, þegar litið er yfir farinn veg, er ánægjulegt að sjá að markverður árangur hefur náðst á öllum þessum sviðum. Lykilverkefnin sjö snéru að húsnæðismálum, sterkum mannauði, tryggri fjármögnun og rekstri, nýsköpun og stafrænni þróun, eflingu samstarfs við hagaðila, þjónustu fyrir alla, og þátttöku í rannsóknum og þróun.

LJÓSIÐ FLYTUR Í STÆRRA HÚSNÆÐI

Stærstu og mikilvægustu skrefin hafa verið tekin í húsnæðismálum og fjármögnun starfseminnar. Á árinu tókst að tryggja Ljósinu langtímahúsnæði á heppilegum stað að Gylfaflöt 5 í Grafarvogi. Með því stækkar starfsemin úr um 850 fermetrum í um 1.300 fermetra, með möguleika á frekari stækkun upp í rúmlega 1.700 fermetra. Þetta mun gjörbreyta aðstöðu til þjónustu og skapa svigrúm til áframhaldandi þróunar á starfseminni, þjónustuþegum til hagsbóta. Þetta hefði ekki tekist nema fyrir öflugan stuðning velunnara Ljóssins.

„Nýtt húsnæði gjörbreytir aðstöðu til þjónustu og áframhaldandi þróunar ”

Á sama tíma hefur fjármögnun starfseminnar þróast í jákvæða átt. Framlög af fjárlögum nema nú 487 m.kr., samanborið við 220 m.kr. árið 2021, og langtímasamningur við hið opinbera er í sjónmáli. Þrátt fyrir það verður fjármögnun áfram eitt af lykilviðfangsefnum Ljóssins á komandi árum. Í því samhengi er stuðningur almennings og samstarfsaðila áfram ómetanlegur þáttur í starfseminni.

Á öðrum sviðum stefnunnar hefur Ljósið einnig náð góðum árangri. Tekist hefur að byggja upp enn sterkari og samheldnari mannauð þar sem fagmennska, samvinna og metnaður einkenna starfsemina.

„95% þjónustuþega eru ánægðir með þjónustuna og 93% telja hana bæta lífsgæði sín“

Sá árangur endurspeglast bæði í upplifun þjónustuþega og í mælingum á starfsánægju, en heildaránægja í þjónustukönnun 2025 meðal þjónustuþega mældist 4,8 á kvarðanum 1-5. Ánægja og stolt starfsfólks fær einkunina 4,5 í könnuninni Fyrirtæki ársins hjá Gallup. Þetta undirstrikar þann sterka mannauð sem Ljósið hefur byggt upp.

NÝSKÖPUN OG STAFRÆN ÞRÓUN

Áhersla á nýsköpun og stafræna þróun hefur skilað sér í bættum innviðum og skilvirkari þjónustu. Innleiðing stafræns rekstrarumhverfis, uppbygging tækniinnviða og notkun mælitækja á borð við WHODAS hafa styrkt faglegt starf og gert Ljósið betur í stakk búið til að mæla árangur og þróa þjónustuna. Nýjasta viðbótin, sem er í innleiðingarferli, er nýtt skráningarkerfi sem tryggir einfaldari og betri samskipti við skjólstæðinga Ljóssins í gegnum Mínar síður Ljóssins.

„Stafræn þróun hefur styrkt mælingar og þróun þjónustunnar“

Ljósið hefur jafnframt lagt aukna áherslu á að efla samstarf við hagaðila sem sinna krabbameinsgreindum. Tengsl við Landspítalann, Krabbameinsfélag Íslands, Kraft, Framför og aðra aðila hafa styrkst og stuðla að betri samfelli í þjónustu við þann hóp sem Ljósið sinnir.

Mikilvægur þáttur í stefnunni hefur verið að tryggja að þjónusta Ljóssins standi öllum til boða. Þar hefur verið lögð aukin áhersla á að ná betur til fólks á landsbyggðinni, yngri hópa og einstaklinga af erlendum uppruna, meðal annars með fjölgun sérsniðinna úrræða og auknu aðgengi að þjónustu.

ÞEKKINGARUPPBYGGING OG FAGLEG ÞRÓUN

Þá hefur Ljósið stigið skref í átt að aukinni þekkingaruppbyggingu með þátttöku í rannsóknaverkefnum, sem styðja við áframhaldandi þróun og faglega uppbyggingu starfseminnar.

„Stefnan sem mótuð var árið 2021 hefur reynst traustur leiðarvísir”

Þegar horft er til baka er ljóst að stefnan sem mótuð var árið 2021 hefur reynst traustur leiðarvísir. Árangurinn sem náðst hefur er fyrst og fremst tilkominn vegna þess öflugra starfsfólks, sjálfbóðaliða og samstarfsaðila sem standa að Ljósinu, auk þess trausts sem þjónustubegar sýna starfseminni á hverjum degi.

ÞAKKIR TIL STUÐNINGSADILA & SAMFÉLAGSINS

Fyrir hönd stjórnar vil ég færa öllum þessum aðilum mínar bestu þakkir.

Fram undan eru áfram spennandi og krefjandi verkefni. Með skýra stefnu, öflugan mannauð og bættan húsakost er Ljósið vel í stakk búið til að halda áfram að þróast og styrkjast – skjólstæðingum sínum til heilla og samfélaginu öllu.

„Ljósið er vel í stakk búið til að halda áfram að þróast og styrkjast”

Með hlýjum kveðjum,
Brynjólfur Eyjólfsson
Formaður stjórnar Ljóssins

STJÓRN LJÓSSINS

Ljósið hóf starfsemi í september árið 2005, en sjálfseignastofnunin Ljósið var stofnuð 20. janúar 2006. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins hefur aðalfundur Ljóssins. Á aðalfundi er stjórn kjörin og skal hún skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Á hverju ári skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára í senn, en varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi til eins árs. Stjórnin fer með öll málefni Ljóssins milli aðalfunda.

Fastráðnir starfsmenn félagsins geta ekki setið í stjórn. Stjórn Ljóssins hefur alla tíð verið ólaunuð og er starfsemin óhagnaðardrifin.

Á aðalfundi Ljóssins 15. maí 2025 voru eftirfarandi kjörin í stjórn Ljóssins.

Aðalstjórn

Formaður: Brynjólfur Eyjólfsson, viðskiptafræðingur

Gjaldkeri: Brynjólfur Stefánsson, viðskiptafræðingur

Meðstjórnandi: Ásta Einarsdóttir, lögfræðingur

Meðstjórnandi: Hákon Jónsson, verkefnastjóri

Meðstjórnandi: Ólöf Kristjana Bjarnadóttir, krabbameinssérfræðingur

Varastjórn

G. Haukur Guðmundsson, sjúkraþjálfari

Svanhildur Sigurðardóttir, stjórn málafræðingur

Alls voru haldnir átta stjórnarfundir á árinu 2025, auk aðalfundar. Stjórnin hefur yfir að ráða framkvæmdaráð, sem fjallaði um ýmis mál sem komu upp milli stjórnarfunda. Framkvæmdastýra Ljóssins annast daglegan rekstur og framfylgir ákvörðunum aðalfundar og stjórnar félagsins.

UM LJÓSIÐ

Ljósið er þverfagleg endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Saga Ljóssins hófst þann 5. september 2005 þegar Erna Magnúsdóttir opnaði fyrstu dyrnar að starfseminni í safnaðarheimili Neskirkju, með það að markmiði að veita einstaklingum styrk, stuðning og von í bataferli sínu.

Frá þeim tíma hefur starfsemin vaxið og dafnað, og frá árinu 2007 hefur Ljósið verið til húsa við Langholtsveg í Reykjavík. Þar sækja nú tæplega 600 manns í hverjum mánuði markvissa endurhæfingu í hlýlegu og styrkjandi umhverfi.

STEFNA LJÓSSINS

Frá því að Ljósið hóf starfsemi sína hefur verið lögð rík áhersla á skýra og markvissa stefnumótun til að tryggja faglega og árangursríka þjónustu. Gildi Ljóssins eru hornsteinn starfseminnar og leiðarljós í daglegu starfi, sannarlega traustur grunnur fyrir áframhaldandi þróun og vöxt Ljóssins.

Hlutverk

Ljósið er endurhæfingarmiðstöð sem er til svo að það sé til staðar einstaklingsmiðuð endurhæfing fyrir krabbameinsgreinda og stuðningur fyrir aðstandendur þeirra.

Framtíðarsýn

Að allir sem greinast með krabbamein fái viðeigandi faglega endurhæfingu sem hefst strax við greiningu. Ljósið er leiðandi og framsækið afl á þessu sviði og í fremstu röð varðandi þekkingu og þjónustu við krabbameinsgreinda.





Gildi

Gildi Ljóssins eru *Gróska*, *Gleði*, *Heilindi* og *Fagmennska*.



Gróska

Við viljum vaxa í starfi, erum sveigjanleg og tilbúin að gera breytingar. Við tökum vel í nýjungar og viljum blómstra í þeirri fjölbreyttu þjónustu sem veitt er.



Gleði

Gleðin vekur lífskraft og von. Handverk, sköpun og almenn virkni veita gleði og jákvæðni sem við höfum að leiðarljósi í okkar starfi. Gleðin í Ljósinu er smitandi, fólk gleymir sér og finnur aukinn þrótt í gleðinni.



Heilindi

Við erum vingjarnleg í fasi, sýnum samstöðu, traust, trúnað, virðingu og kærleik. Við erum heiðarleg, höfum opin samskipti, ræðum málin og leitum lausna. Við sinnum störfum okkar af alúð og trúmennsku og vinnum öll að sameiginlegu markmiði. Við samgleðjumst hvert öðru.




Fagmennska

Við leggjum mikið upp úr þverfaglegri samvinnu, fylgjumst vel með nýjungum og leitumst við að vera fremst í flokki hvað starfseminar varðar. Við vöndum málfar, vinnubrögð og virðum þagnarheit.

Endurhæfingin

Markmið Ljóssins er að fólk fái sérhæfða endurhæfingu og stuðning, þar sem fagfólk aðstoðar við að byggja upp líkamlegt og andlegt þrek. Auk þess að fá stuðning við að setja sér markmið sem auka daglega virkni og hafa þannig áhrif á lífsgæði almennt. Endurhæfingin í Ljósinu á sér upphaf og endi og skiptist niður í þrjú stig. Ef þörf er á frekari endurhæfingu (Stig 4) er það metið af sérfræðingum Ljóssins.

SÉRSDRAGIN ENDURHÆFING Í LJÓSINU



Heildrænt mat á færni og virkni lykill að árangursríkri endurhæfingu

Fagfólk Ljóssins styðst við margvísleg tól í endurhæfingarstarfinu en Ljósið var fyrst íslenskra stofnana til að innleiða alþjóðlega matstækið WHODAS (World Health Organization Disability Assessment Schedule) á rafræna vega. Með WHODAS má meta færni og virkni einstaklinga sem hafa greinst með krabbamein og fá heildræna mynd af áhrifum sjúkdómsins á daglegt líf, bæði líkamlega, andlega og félagslega. Matstækið styður við einstaklingsmiðaða endurhæfingu með því að greina styrkleika og áskoranir hvers og eins, sem gerir starfsfólki kleift að veita markvissari og árangursríkari þjónustu.

STARFSEMI LJÓSSINS

Í lok árs 2025 störfuðu 37 manns hjá Ljósinu í 30 stöðugildum. Þeir fagaðilar sem starfa hjá Ljósinu í föstum stöðugildum eru:

- Iðjubjálfar
- Sjúkrþjálfarar
- Íþróttافرæðingar
- Sálfræðingar
- Fjölskyldumeðferðarfræðingur
- Heilsunuddarar
- Snyrtifræðingur
- Jógakennarar
- Matráður
- Móttökufólk
- Handverksfólk
- Næringarfræðingar

Auk þess koma að starfinu fjölmargir verktakar eins og markþjálfar, hjúkrunarfræðingur og fleiri. Þá koma að starfinu bæði fyrirlesarar eins og krabbameinssérfræðingar og fleiri. Að ógleymdum öllum þeim sjálfboðaliðum sem starfa fyrir Ljósið.



Skjólstæðingar Ljóssins eru ánægðir með þjónustuna

Í þjónustukönnun Ljóssins, sem framkvæmd var haustið 2025, kemur fram að ánægja þeirra sem eru í þjónustu hjá Ljósinu er mjög mikil. Könnunin var lögð fyrir alla þá sem voru í þjónustu frá ársbyrjun 2023. Alls sögðust 95% vera mjög eða frekar ánægð með þjónustuna og 93% sagði að þjónusta Ljóssins hefði haft jákvæð áhrif á sín lífsgæði.

89% sögðust ánægð með þjónustu við aðstandendur. Skjólstæðingar sögðust mæla með þjónustu Ljóssins og var meðmælavísitala (svokallað NPS gildi) 88,6.

ÁNÆGÐ EÐA
FREKAR ÁNÆGÐ **95%**

SEGJA ÞJÓNUSTU
HAFA JÁKVÆÐ ÁHRIF
Á LÍFSGÆÐI **93%**

MEDMÆLA-
VÍSITALA **88,6**

LJÓSIÐ ER GÓÐUR VINNUSTAÐUR

Ljosið tók þátt í verkefninu Fyrirtæki ársins sem VR stendur fyrir. Könnunin nær til alls starfsfólks óháð stéttarfélagi. Könnunin sem hér er vísað til var framkvæmd árið 2025. Starfsfólk er spurt um viðhorf til níu lykilþátta í innra starfsumhverfi vinnustaðarins. Heildareinkunn Ljóssins er 4,28 af 5 mögulegum.

Helstu styrkleikar samkvæmt mælingunni eru jákvætt viðhorf þjónustuþega, að umræða um félagið er vinsamleg, að almenningur beri traust til vinnustaðarins, að starfsólki komi vel saman við samstarfsfólk sitt og stolt starfsfólks af því að starfa hjá Ljósinu.

HEILDAREINKUNN LJÓSSINS
Í FYRIRTÆKI ÁRSINS

4,28

STOLT STARFSFÓLKS
AF VINNUSTAÐNUM

4,90

LJÓSIÐ ER ÞEKKT Í SAMFÉLAGINU

Samkvæmt vörumerkjakönnun Gallup árið 2025 sögðust 87% aðspurðra þekkja Ljosið, sem er svipað hátt hlutfall og undanfarin ár. Hlutfallið er 7 prósentustigum hærra en árið 2018 þegar mælingar hófust. Um 44% sögðust þekkja vörumerkið mjög eða frekar vel sem er á pari við mælingar síðustu ár. Þegar spurt var um viðhorf til Ljóssins kom fram að 78% voru mjög eða frekar jákvæðir í garð Ljóssins sem er hærra hlutfall en síðustu ár. Þá voru 21% hlutlaus þegar kom að jákvæðni eða neikvæðni gagnvart Ljósinu en hlutfallið er 19 prósentustigum lægra en þegar mælingar hófust árið 2018 sem er frábær þróun.

HLUTFALL
ÍSLENDINGA SEM
ÞEKKJA LJÓSIÐ

87%

ERU MJÖG EÐA
FREKAR JÁKVÆÐ Í
GARÐ LJÓSSINS

78%

TÍMALÍNA 2025

Árið 2025 var afkastamikið í Ljósinu og gleðin, samstaðan og fagmennska áfram í fyrirrúmi. Við fögnuðum 20 ára afmæli Ljóssins reglulega yfir árið með allskyns viðburðum. Fjölbreytt námskeið, viðburðir og fræðsla voru í boði að vana, með það að markmiði að styrkja bæði líkamlegt og andlegt þrek þjónustuþega. Sumarið hófst með fjölskyldugöngunni, hlaupaæfingar byrjuðu undir leiðsögn þjálfara, samstarfsverkefni Ljóssins og Nettó var ýtt af stað í júlí og svo átti Reykjavíkumaraþonið hug okkar og hjarta í ágúst. Við héldum afmælistónleika í september til fjáröflunar fyrir nýju húsnæði, við gáfum út einstaklega veglegt Ljósablað af tilefni stóra afmælisárins og lokuðum svo árinu með því að taka á móti styrkjum frá okkar einstöku velunnurum.

JANÚAR

Árið 2025 hófst vel í Ljósinu, með afhendingu á styrkjum frá mögnuðum vinkonuhóp og Glódísi knattspyrnukonu. Í mánuðinum héldu Ólöf Bjarnadóttir, krabbameinslæknir og Anna Sigga, iðjuþjálfari fræðsluerindi um andhormónameðferðir. Einnig var strákamaturinn vel sóttur en hann er alla föstudaga í Ljósinu.



FEBRÚAR

Í febrúar var nýtt afmælismerki Ljóssins kynnt á alþjóðadegi krabbameins. Í mánuðinum var einnig haldinn skemmtilegur pop-up Zumba-tími sem fékk afar góðar viðtökur. Mánuðinum lauk svo á tónleikunum Ljósið rokkar, sem haldnir voru til styrktar Ljósinu.



MARS

Fjáröflunarkvöldverður Ljóssins fór fram í mars. Þar sameinuðust velviljug fyrirtæki og góðir gestir sem vildu leggja húsnæðissjóði Ljóssins lið. Einnig voru tvö skemmtileg pop-up námskeið þennan mánuðinn, *yin yoga* og *bandvefslosun*. Einnig var námskeið fyrir unga aðstandendur í samstarfi við KVAN.





APRÍL

Aprílmánuður einkenndist af páskaeggjaáti og hreyfingu. Í mánuðinum tók hópurinn "Prek og tár" sinn lokatíma saman í líkamlegu endurhæfingunni. Yndislegt að sjá svona fallegan vinskapa myndast í Ljósinu. Gönguhópurinn fór jafnframt að greikka sporið með hækkanði sól, en það er alltaf góð mæting og skemmtileg stemming í göngunum.



MAÍ

Orlofsvika í Bergheimum sló í gegn þar sem um 20 ljósberar nutu saman samvistar, handverks, útiveru og hvíldar í blíðskapar veðri. Í mánuðinum hófst göngu og hlaupabjálfun fyrir Reykjavíkumarabonið og skemmtilegur Eurovision þoltími var á dagskrá. Einnig var haldið snyrtinámskeið en þau eru alltaf vel sótt. Í tilefni 20 ára afmæli Ljóssins var líka boðið upp á afmæliskaffi og Margrét Frímansdóttir fékk þann heiður að verða verndari Ljóssins.



JÚNÍ

Áheitin fyrir marabonið fóru af stað af krafti í júní og skemmtilegir hópar innan Ljóssins byrjuðu að safna saman og búa til skemmtilega stemmingu. Einnig var árlega fjölskylduganga Ljóssins haldin við Hvaleyrarvatn. Dagurinn var vætusamur en dásamlegur. Golfmót var haldið á Grafarholtsvelli til styrktar Ljósinu og þrjónahópur Ljóssins þrjónaði peysur fyrir Miu magic dúkkuna sem er hönnuð sem stuðningur fyrir veik börn. Í júní tókum við einnig í notkun nýtt og nútímalegt afgreiðslukerfi, til að einfalda verkferla og bæta þjónustu við Ljósbera.





JÚLÍ

Í júlí fór samstarfsverkefni Nettó og Ljóssins af stað í þriðja sinn. Í ár var það hönnun Steingríms Gauta sem skreytti fallegar slæður og veglega taupoka. Virkilega ánægjulegt og fallett samstarf við Nettó. Við fengum sólríka daga í júlí og var pallurinn okkar vel nýttur þar sem mátti heyra hlátrasköllin óma og hópa njóta veðurbliðunnar og dásamlega matarins úr eldhúsinu okkar.



ÁGÚST

Reykjavíkumaraþonið var á sínum stað í ágúst og í ár þegar fjöldinn allur af duglegum einstaklingum og hópum hlupu fyrir Ljósið var slegið met í áheitung og söfnun. Einnig fagnaði Ljósið 20 ára afmæli sínu með frábæru úrvali af pop-up tímum og fyrirlesturum í mánuðinum.



SEPTEMBER

Haustið hófst með fjölbreyttri dagskrá í Ljósinu og tvö ný námskeið hófu göngu sína, *Slaka og skapa*, og *Liðkun og teygjur* fyrir karla. Í mánuðinum var einnig haldið afmæliskaffi í tilefni 20 ára afmælis Ljóssins og síðar um kvöldið fóru fram afmælistónleikar í Háskólabíó þar sem landslið af tónlistarfólki gaf alla sína vinnu og rann allur ágóði af tónleikunum óskertur til Ljóssins. Um miðjan mánuðinn fór fram styrktarleikur fyrir Ljósið en þá mættust Breiðablik og ÍBV, með það að markmiði að vekja athygli á starfi ungra karlmannna í Ljósinu.



OKTÓBER



Uppskeruhátíð Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka var haldin hátíðleg, þar sem lokaupphæðin nam heilum 31.882.824 krónum og markaði metsöfnun. Á alþjóðlegum degi iðjubjálfunar bauð Ljósíð þjóðinni í opið hús. Fjölmargir kíktu í heimsókn og fengu innsýn í starf iðjubjálfa og reyndu ólík bjargráð á eigin skinni. Í mánuðinum fór einning jafningjahópur yngstu kynslóðarinnar í Ljósínu í vinnustofu hjá Urð og Studio Creative hélt viðburð þar sem boðið var upp á falleg húðflúr til styrktar Ljósínu.



NÓVEMBER

Nóvember einkenndist af samstöðu og krafti samfélagsins. Árlegur Ljósafoss var genginn með glæsibrag niður Esjuhlíðar þar sem metmæting var og um 900 manns tóku þátt. Einnig var haldinn lítill Ljósafoss á Patreksfirði sem tókst afar vel. Í mánuðinum bárust jafnframt fjölmargir styrkir, meðal annars söfnuðu nemendur í Hagaskóla 2,2 milljónum fyrir Ljósíð.



DESEMBER



Ljósablaðið leit dagsins ljós í byrjun mánaðar í stafrænu formi og innihélt fjölda áhugaverðra viðtala við fagaðila innan Ljóssins og Landspítalans sem og okkar mikilvægasta fólk, Ljósberarana. Það sem einkenndi þó mánuðinn hvað mest var sá mikli straumur styrkja sem barst nánast daglega, meðal annars frá Takk degi Fossa, Jólauppboði Góða hirðisins og kærnu vinum okkar hjá Oddfellow stúkunum. Jólastermningin var einnig allsráðandi í Ljósínu og náði hámarki með árlega Jólapeysudeginum. Þar sem Hafdís Huld söng falleg jólalög og Einar Kárason rithöfundur las upp úr nýjustu bók sinni.



STARFSEMISTÖLUR 2025


FJÖLDI
ÞJÓNUSTUÐEGA **1.495**

KOMUR Í
ENDURHÆFINGU **31.074**


NÝJIR
ÞJÓNUSTUÐEGAR **547**

ÚTSKRIFAÐIR
ÞJÓNUSTUÐEGAR **678**


KOMUR EFTIR MÁNUÐUM




Þjónustuþegar - Kynjaskipting




Komur í hús - Kynjaskipting




Þróun kynjaskiptingar frá 2018




Fjöldi þjónustupega - Aldursskipting




Komur í hús - Þjónustubættir



FJÖLDI EINSTAKLINGA Í ÞJÓNUSTU FRÁ ÁRINU 2010



KOMUR Í ENDURHÆFINGU FRÁ ÁRINU 2010



ÚTSKRIFADIR ÞJÓNUSTUÞEGAR

Á undanförunum árum hefur fjöldi útskrifaðra úr þjónustu Ljóssins aukist verulega. Árið 2025 útskrifuðust alls 678 einstaklingar úr endurhæfingunni. Flestir þeirra snéru aftur til vinnu, náms eða annarra samfélagslegra hlutverka. Með markvissri og einstaklingsmiðaðri endurhæfingu dregur Ljósið þannig úr álagi á velferðarkerfið og skilar samfélaginu dýrmætum mannaúði.

